



Íslandsbanki hf.

Skráningarlýsing skuldabréfa

1. flokkur 2005

Nóvember 2005

▷ Yfirlýsingar

Stjórn Íslandsbanka hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, lýsir því yfir að upplýsingar í skráningarlýsingu þessari eru eftir bestu vitund hennar í samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt sem áhrif geti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans.

Athygli er vakin á því að skráningarlýsingin er unnin skv. undanþágu í 6. gr. viðauka IV. við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjavík, 11. nóvember 2005
f.h. Íslandsbanka hf.

Tómas Kristjánsson, kt. 151165-3389
framkvæmdastjóri Fjármálasviðs

Yfirlýsing umsjónaraðila

Íslandsbanki hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi, 155 Reykjavík lýsir því yfir að við gerð skráningarlýsingar fyrir Íslandsbanka hf., vegna skuldabréfa í 1. flokki 2005, var aflað þeirra gagna sem að mati Íslandsbanka hf. voru nauðsynleg til að gefa rétta mynd af Íslandsbanka hf. og verðbréfum hans og að mati Íslandsbanka hf. var engu atriði sleppt sem áhrif gæti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans sem óskað er skráningar á.

Athygli er vakin á því að skráningarlýsingin er unnin skv. undanþágu í 6. gr. viðauka IV. við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjavík, 11. nóvember 2005
f.h. Íslandsbanka hf.

Örn Gunnarsson, kt. 181168-3159
forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar

▷ Útgefandi

Útgefandi

Íslandsbanki hf., kt. 550500-3530, 155 Kirkjusandi, Reykjavík.

Starfsemi

Bankinn starfar skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og skv. lögum nr. 2/1995 um hlutafélög.

Samkvæmt 3. gr. samþykkt bankans er tilgangur félagsins fjármálaþjónusta. Skal félaginu heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem fjármálafyrirtækjum er heimil lögum samkvæmt sem og aðra starfsemi í eðlilegum tengslum við hana.

Heimild og tilgangur

Útgáfa þessi, að fjárhæð allt að 460.000.000 kr., var samþykkt af framkvæmdastjórn Íslandsbanka hf. 24. maí 2005. Tilgangur útgáfunnar er að afla fjár til starfsemi Íslandsbanka.

Flokkurinn er lokaður. Tilgangur skráningar í Kauphöll Íslands (Kauphöllin) er að auðvelda viðskipti með skuldabréfin.

▷ Sala og skráning

Söluaðili

Íslandsbanki hf. (Íslandsbanki), Kirkjusandi, 155 Reykjavík.

Fyrirkomulag sölu

Skuldabréf að fjárhæð 460.000.000 kr. að nafnverði voru seld til fagfjárfesta 23. maí til 27. maí 2005. Bréfin voru afhent fjárfestum gegn staðgreiðslu.

Sölugengi

Sölugengi skuldabréfanna á fyrsta söludegi var 1,0. Sölugengi ákvarðast af markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Upplýsingar um gengi skuldabréfanna hverju sinni er hægt að nálgast hjá Markaðsviðskiptum Íslandsbanka, Kirkjusandi, 155 Reykjavík.

Einingar og auðkenni

Skuldabréfin eru gefin út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. (Verðbréfaskráning) sem starfar í samræmi við lög nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Skuldabréfin eru 92 talsins í 5.000.000 kr. einingum. Auðkenni skuldabréfanna er ISB 05 1 og ISIN auðkenni IS0000010965.

Sölutrygging

Útboðið var ekki sölutryggt.

Skráning

Kauphöllin hefur samþykkt að taka skuldabréf Íslandsbanka hf., 1. flokk 2005, á skrá og verða þegar útgefin og seld bréf, samtals að nafnverði 460.000.000 kr., skráð þann 15. nóvember 2005, enda verði öll skilyrði skráningar uppfyllt.

Kostnaður við skráningu

Kostnaður við útgáfu skuldabréfanna hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. og Kauphöllinni nam um 350 þús. kr. Annar kostnaður vegna skráningarinnar var óverulegur. Andvirði skuldabréfaútboðsins að frádregnum öllum kostnaði var því um 339,7 m.kr.

Umsjónaraðili og milliganga vegna skráningar

Íslandsbanki hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, sími: 440-4000, netfang www.isb.is

Viðskiptavakt

Engin viðskiptavakt er tengd skuldabréfaútgáfu þessari.

▷ Skilmálar

Útgáfudagur

Útgáfudagur skuldabréfanna var 3. júní 2005.

Nafnverð og lánstími

Þegar hafa verið gefin út og seld skuldabréf að fjárhæð kr. 460.000.000 að nafnverði. Skuldabréfin eru til 5 ára með einum gjalddaga þann 3. júní 2010.

Uppgreiðsluheimild

Engin uppgreiðsluheimild er í skuldabréfunum.

Verðtrygging

Skuldabréfin eru óverðtryggð

Vextir

Skuldabréfin bera enga vexti.

Greiðslur

Á gjalddaga skuldabréfanna fá eigendur skuldabréfanna allan höfuðstól skuldabréfanna endurgreiddan. Á gjalddaga fá eigendur skuldabréfanna jafnframt greidda ávöxtun í íslenskum krónum (ISK) tengda hækkun hlutabréfavísitölu körfunnar frá 2. júní 2005 til 1. júní 2010. Ef engin hækkun verður á vísitölu körfunni á tímabilinu verður ekki greidd út ávöxtun.

Erlendar vísitölur

Ávöxtun skuldabréfanna er háð hækkun eftirtalinnar hlutabréfavísitölu körfu samkvæmt neðangreindum útreikningum. Upphaflegt viðmiðunargengi vísitalnanna í hlutabréfavísitölu körfunni (upphafsgildi) er loka-gengi S&P 500, Eurostoxx 50 og FTSE 100 þann 1. júní 2005 og Nikkei225 þann 2. júní 2005.

Hlutabréfavísitölu karfan:

Nr.	Vísitala	Bloomberg auðk.	Vigt i	Viðmiðunargengi
1	S&P 500	SPX	60%	1202,22
2	DJ Eurostoxx 50	SX5E	20%	3125,88
3	Nikkei225	NKY	10%	11280,05
4	FTSE 100	UKX	10%	5011,00

Samningsgengi hlutabréfavísitölu körfunnar og 2. júní 2005 er 100 (K0).

Standard & Poor's (S&P) 500 vísitalan, er bandarísk vísitala sem mælir breytingar á gengi hlutabréfa í 500 stærstu fyrirtækjum Bandaríkjanna.

DJ Eurostoxx 50 er vísitala 50 stórfyrirtækja frá löndum í Evrópu þar sem evran er notuð.

Nikkei 225 vísitalan er japönsk vísitala sem mælir breytingar á gengi 225 stærstu hlutafélaganna sem skráð eru á First Section í kauphöllinni í Tokyo.

FTSE 100 er bresk vísitala sem mælir breytingar á gengi 100 stærstu hlutafélaganna sem skráð eru á breska hlutabréfamarkaðinn.

Ef hætt verður að birta einhverja vísitölu á gildistíma bréfsins verður jafngildissjónarmið látið ráða við ákvörðun á nýrri vísitölu í safnið.

Á gjalddaga skuldabréfanna fá eigendur skuldabréfanna allan höfuðstól skuldabréfanna endurgreiddan auk ávöxtunar í íslenskum krónum (ISK) tengda hækkun hlutabréfavísitölu körfunnar frá 2. júní 2005 til 1. júní 2010. Íslandsbanki hf. mun annast útreikning ávöxtunar í samræmi við skilmála skuldabréfanna. Viðmiðunargengi USD/ISK í upphafi er 64,67. Viðmiðunargengi USD/ISK á ákvörðunardegi ávöxtunar (1. júní 2010) ákvarðast af Íslandsbanka hf. kl. 11:00 þann dag.

Útreikningar

Ávöxtunin er í íslenskum krónum og er reiknuð út á eftirfarandi hátt:

$$\text{Ávöxtun} = \text{Höfuðstóll} \cdot \left(\frac{\text{USD/ISK}_T}{\text{USD/ISK}_0} \right) \cdot (100\% \cdot L + 150\% \cdot H_1 + 100\% \cdot H_2)$$

ISK₀=64,67

Öll ávöxtun bréfsins er í USD en greidd út í ISK miðað við gengi USD/ISK á lokagjaldþega.

$$L = \max \left(-0,1 ; \min \left(\max \left(\frac{K_T - K_0}{K_0} ; \text{Prepavörn} \right) ; 0 \right) \right)$$

Við þær aðstæður að viðmiðunarkarfan er lægri í lok en hún var í upphafi og hefur aldrei á líftíma skuldabréfanna slegið í lægstu þrepvörnina (15%) getur ávöxtun orðið neikvæð sem nemur allt að 10% af höfuðstól skuldabréfanna. Á gjaldþega getur endurgreiðsla höfuðstóls því verið skert sem þessu nemur, allt að 10%.

$$H_1 = \min \left(\max \left(\frac{K_T - K_0}{K_0} ; \text{Prepavörn} \right) ; 30\% \right)$$

Ef viðmiðunarkarfan hefur hækkað allt að 30% er sú hækkun margfölduð með 150%. Þetta leiðir til þess að ávöxtun getur orðið allt að 45%.

$$H_2 = \max \left(\frac{K_T - K_0}{K_0} - 30\% ; \text{Prepavörn} - 30\% ; 0 \right)$$

Ef viðmiðunarkarfan hækkar umfram 30% bætist hækkun umfram 30% beint við þá 45% ávöxtun sem fyrstu 30% gefa. Sem dæmi má nefna ef karfan hækkar um 60% þá gefur það 75% ávöxtun á gjaldþega.

Hlutfallsleg hækkun hlutabréfavísitölu körfu : $(K_T - K_0)/K_0$

K_T : Gengi hvernar hlutabréfavísitölu er margfaldað með vægi viðkomandi vísitölu til að reikna út lokagildi körfunnar. Lokagildi hlutabréfavísitölu körfunnar K_T er reiknað miðað við 6 mánaða hala, þ.e. lokagildið skal vera meðaltalsgengi næstliðna 6 mánuði fyrir gjaldþega miðað við lokagengi hlutabréfavísitölu körfunnar eftirtalda daga: 1. desember 2009, 1. janúar 2010, 1. febrúar 2010, 1. mars 2010, 1. apríl 2010, 1. maí 2010 og 1. júní 2010.

$$K_T = 100 \cdot \sum_{i=1}^4 \text{Vigt}_i \frac{\text{Vísitala}_{iT}}{\text{Vísitala}_{i0}}$$

þrepvörn: Ef dagslokagildi körfu til og með gjaldþega nær á einhverjum degi gildunum sem hér að neðan greinir læsist inni samsvarandi hækkun. Ávöxtun á gjaldþega er því að lágmarki sú hækkun sem þannig er náð margfölduð með þátttökuhlutfalli.

Þrepvörn (hækkun körfu)	Körfugildi sem læsir inni ávöxtun
15%	115
30%	130
45%	145
60%	160

Ofangreint miðast við daga þar sem hægt er að eiga viðskipti með allar vísitölurnar í körfunni.

Tryggingar og réttindi

Engar hömlur eru á endursölu skuldabréfanna. Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum. Útgefandi ábyrgist skilvísa og skaðlausa endurgreiðslu bréfanna með tekjum sínum og eignum. Engin forkaupsréttarákvæði fylgja útgáfu skuldabréfanna. Bréfin eru ekki víkjandi.

Greiðslustaður

Útgefandi mun, fyrir milligöngu Verðbréfaskráningar, greiða skuldabréfin á gjalddaga til þeirra reikningsstofnanna þar sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa VS reikning. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlega greiðslur inn á reikninga eigenda.

Viðtökudráttur og vanskil

Ef ekki er tengdur bankareikningur við VS-reikning eiganda skuldabréfs, sbr. 5. tl. 9. gr. reglugerðar nr. 397/2000, skal eigandinn snúa sér til útgefanda til að fá greiðslu. Verði greiðslu ekki vitjað til útgefanda á réttum gjalddaga mun hann hvorki greiða dráttarvexti né verðbætur frá gjalddaga til þess dags sem greiðslunnar er krafist og hún fer fram.

Verði vanskil á greiðslum af skuldabréfi er heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Ber þá að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð samkvæmt framanrituðu. Þegar skuldin er í gjalddaga fallin samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til ávöxtunar tengdri hækkun á hlutabréfavísitölunni, dráttarvaxta, kostnaðar af kröfu, málskostnaðar eða innheimtukostnaðar, endurgjaldskostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustuaðgerðum.

Framsal og framsalstilkynning

Skuldabréfin skulu við eigendaskipti framseld til nafngreindra aðila. Engar frekari hömlur eru á framsali skuldabréfanna. Gagnvart útgefanda skoðast yfirlit Verðbréfaskráningar um eigendur skuldabréfanna sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti. Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi verðbréfa.

Til að fá aðgang að rafrænum bréfum sínum hjá Verðbréfaskráningu þurfa eigendur að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu og fela reikningsstofnuninni umsjón með verðbréfaeign sinni. Á vörslureikningi er haldið utan um verðbréfaeign, viðskipti og greiðslur til eigenda.

Réttindi að rafrænum skal skrá í verðbréfamistöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild. Eignarskráning rafréfs í verðbréfamistöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamistöðvar, veitir skráðum eiganda lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamistöð.

Fyrning

Höfuðstóll skuldabréfanna fyrnist á tíu árum frá gjalddaga skv. 4. gr. laga nr. 14. frá 1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Greiðsla tengd hækkun á undirliggjandi hlutabréfavísitölu körfu fyrnist á fjórum árum, sbr. 3. gr. laga nr. 14/1905.

Skattar

Samkvæmt núgildandi lögum um tekjuskatt og eignaskatt teljast bréfin til eignarskattsstofns hjá einstaklingum og lögaðilum. Um skattalega meðferð bréfanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma.

Útgefandi ber skylda til að draga staðgreiðslu af fjármagnstekjum og skila í ríkissjóð, skv. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nema eigandi bréfanna hafi falið öðrum banka, sparisjóði eða verðbréfafyrirtæki innheimtu þeirra.

Skuldabréfin eru undanþegin stimpilgjaldi samkvæmt 110. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Ágreiningur

Rísi mál út af skuldabréfunum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

▶ **Upplýsingar**

Upplýsingar og gögn

Skráningarlýsing og önnur gögn sem vísað er til í skráningarlýsingu þessari liggja frammi hjá:

Íslandsbanka hf.
Kirkjusandi
155 Reykjavík
netfang www.isb.is